

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 154/2011****2012/EES/15/31****frá 2. desember 2011****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2011 frá 21. október 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/742/EB frá 9. nóvember 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/888/EB frá 30. nóvember 2009 um breytingar á ákvörðunum 2002/741/EB, 2002/747/EB, 2003/200/EB, 2005/341/EB, 2005/342/EB, 2005/343/EB, 2005/344/EB, 2005/360/EB, 2006/799/EB, 2007/64/EB, 2007/506/EB og 2007/742/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir tiltekna vörur <sup>(3)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Ákvæði XX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í liði 2d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/799/EB), 2da (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/64/EB) og 2y (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/506/EB):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32009 D 0888**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/888/EB frá 30. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 318, 4.12.2009, bls. 43).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í liði 2e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/200/EB), 2o (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/747/EB), 2q (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/341/EB), 2r (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/342/EB), 2s (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/343/EB), 2t (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/344/EB), 2u (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/360/EB) og 2x (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/741/EB):  
„– **32009 D 0888**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/888/EB frá 30. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 318, 4.12.2009, bls. 43).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2zb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/18/EB):  
„2zc. **32007 D 0742**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/742/EB frá 9. nóvember 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur (Stjtið. ESB L 301, 20.11.2007, bls. 14), eins og henni var breytt með:  
– **32009 D 0888**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/888/EB frá 30. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 318, 4.12.2009, bls. 43).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 87, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 24.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 301, 20.11.2007, bls. 14.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 318, 4.12.2009, bls. 43.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2007/742/EB og 2009/888/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.